

26
20. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Þórshöfn til Skála og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

27
20. júní

L Ö G

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, þegar þess er krafist og full ástæða
þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kola-

nóta — Snurrevaad —, í landhelgi við strendur landsins hvarvetna þar, sem 27
 veiðar eru stundaðar að jafnaði með handfærum, lóðum eða lagnetum, og ná 20. júní
 þá takmörkunar- eða bannákvæðin til allskonar skipa, er slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Heimilt skal þó jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, að draga ádráttar- eða fyrirdráttarnætur á land.

3. gr.

Þegar krafa um takmörkun eða bann hefir komið til stjórnarráðsins, skal það, áður en ákvörðun er tekin í málinu, leita álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Ákvarðanir þær, er stjórnarráðið setur í þessum málum, hafa lagagildi, og skulu þær birtar almenningi hið bráðasta, og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þær ná til. Skulu lögreglustjórar og skip þau, er hafa landhelgisgæslu á hendi, sjá um, að ákvæðunum sje hlýtt.

5. gr.

Með lögum þessum er takmarkaður rjettur sá, er sýslunefndum er veittur með lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði, til þess að gera samþyktir, að því leyti sem um er að ræða bann gegn veiðarfæra- notkun.

6. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður hún á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
 (L. S.)

Kl. Jónsson.